

Sumarblóm

Hægt er að sá fyrir og rækta sín eigin sumarblóm ef einhver aðstaða er fyrir hendi í garðinum og á heimilinu. Sumarblóm eru einærar plöntur sem eiga það sameiginlegt að gefa mikið af sér þann stutta tíma sem þau lifa. Standa sum þeirra í miklum blóma drjúgan hluta sumarsins. Sumarblóm eru nær alltaf forræktuð inni seinnipart vetrar og fram á sumar, en síðan plantað út í beð þegar hlýna tekur. Á sólríkum og skjólgóðum stöðum þrífast sumarblóm yfirleitt best en aðrir staðir koma einnig til greina ef um harðgera tegund er að ræða.

Auðvitað er hægt að kaupa ræktaðar sumarblómaplöntur, þegar kemur fram á sumar, en það er líka skemmtilegt að geta ræktað sín eigin sumarblóm og fylgst með smáplöntunum vaxa upp af fræi. Það kostar heldur ekki mikið þar sem rækta má fjölmörg blóm upp af einu fræbréfi. Hér eru einfaldar leiðbeiningar um sumarblómarræktunina sjálfa, útplöntun og samsetningu í beð.

Forræktun

Á suðlægari slóðum er flestum sumarblómum einfaldlega sáð beint út í beð þar sem þau vaxa og dafna það sumarið. Hérlendis ná sumarblóm ekki að blómgast fyrr en mjög seint ef þeim er sáð beint út í beð. Því er nauðsynlegt að forrækta sumarblómin. Heimilisglugginn er aðal „gróðurhúsið“ á flestum heimilum og vel hægt að nýta sér hann til sáningar og forræktunar. Loftraki inni er lágur og hiti hár en við slíkar aðstæður er hætta á að plönturnar verði teygðar og línar. Í glugganum geta plönturnar því aðeins verið í frekar skamman tíma og því fyrr sem hægt er að koma þeim í gróðurskýli eða vermireiti, því betra. Við bestu aðstæður þ.e.a.s. í gróðurhúsi og síðar í gróðurskýli eða vermireit má ná fram þróttmiklum sumarblómum.

Sumarblómafræ

Sumarblómafræ fást í neytendaumbúðum og eru yfirleitt góðar og myndrænar leiðbeiningar á þeim. Leiðbeiningarnar eru miðaðar við sáningu beint út í beð erlendis, við aðrar aðstæður en hér eru. Þumalfingursregla gæti verið að flýta sáningu um 6-8 vikur frá því sem tilgreint er á umbúðum. Fræin eru í lofttæmdum poka, í nægjanlegu magni til ræktunar í venjulegum garði.

Gæði fræsins felast m.a. í arfhreinleika þeirra og spírunarhæfni. Fræpakningar merktar F1 er best að kaupa þar sem upp af því fræi vaxa kraftmiklar plöntur með hreinum lit auk þess sem spírunarþrósentan er mjög há, oft um og yfir 95%. Gæta þarf að framleiðsludagsetningu þess og velja ávallt ferskt fræ, ætlað til sáningar það árið.

Hvenær er rétti tíminn til sáningar?

Aðstæður til ræktunar og tegundir blóma sem á að rækta, ráða mestu um tímasetningu sáningar. Fræúrvalið er gríðarmikið og tegundir þurfa mislangan ræktunartíma. Tími sáningar sumarblóma er almennt frá byrjun febrúar og fram í miðjan apríl. Seinsprottnar tegundir eins og stjúpur þurfa forræktun í um 3 mánuði áður en til útplöntunar kemur í byrjun júní.

Hvernig fer forræktun fram?

Forræktun sumarblóma má best lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Sáning og spírun

Sáð er í ræktunarbakka sem fylltur er upp með sáningarmold þ.e.a.s. næringarsnauda hvítmosamold (Sphagnum). Moldinni er þrýst létt niður með plötu sem passar ofan í bakkann. Vökvað er lítillega yfir og látið setjast í bakkanum áður en sáningin hefst. Fræinu er dreift jafnt yfir moldina og þakið með þunnu lagi af fíngerðum sandi t.d. pússningasandi, nema um sé að ræða mjög smátt fræ. Til að halda raka- og hitastigi ákjósanlegu er nauðsynlegt að leggja gler eða plast yfir yfir bakkann. Sumir bakkar eru fáanlegir með glæru plastloki sem hentar vel. Gæta þarf að því að lofti örlítið um yfirborðið um göt eða rifur. Of lítil eða engin loftun getur leitt til sveppasjúkdóma og skemmt fræ eða plöntur. Gæta verður að því að bakkinn standi ekki í sterku sólarljósi meðan spírur fer fram. Á þessu stigi ræktunarinnar er enginn áburður notaður, næringin sem til þarf er geymd í fræinu.

Yfirleitt spírar fræið á skömmum tíma við þessar aðstæður, stöngull og fyrstu blöðin (kímblöðin) myndast.

2. Dreifsetning (prikun) eða pottun

Oftar en ekki eru plönturnar þétt í sáðbakkanum þótt sáð hafi verið eins jafnt og hægt er. Til að gefa þeim meira vaxtarými og auka rótarvöxt er nauðsynlegt að dreifsetja ýmist í bakka eða í potta og í leiðinni er hægt að velja úr hraustustu plönturnar. Þetta er einnig kallað að prikla. Nægjanlegt er að hafa 5 cm bil milli plantna í bakka. Svipað vaxtarými er fyrir eina plötu í potti sem er 10 cm í þvermál. Jarðvegurinn sem notaður er í bakka og potta er blanda hvítmosamoldar (Sphagnum) og fíns sands eða vikurs en einnig má nota mómold í stað hvítmosamoldarinnar.

Þegar annað blaðparið, á eftir kímblöðunum, er farið að myndast er tími kominn til að dreifsetja. Gott er að gera holur með prikpinna eða sverum þar sem planta á að nýju. Plönturnar eru losaðar varlega í sundur, þeim stungið niður og jarðvegi þrýst þéttingsfast að rötarálsi.

3. Ræktun og aðlögun

Þegar plönturnar hafa jafnað sig eftir dreifplöntun hefst nýtt skeið í ræktun blómanna og fljótlega þarf að hefja aðlögun að kaldari aðstæðum og meiri næðingi. Þetta er einnig kallað herðing. Plönturnar eru settar út t.d. í vermireit en hann er hægt að kaupa eða smíða á staðnum.

Sumarblóm eru kröfuhörð á næringu og best reynist að nota áburð í vökvaformi þ.e. leystan upp í vatni. Hægt er að nota hvort sem er lífrænan áburð eða tilbúinn áburð. Vökva skal í jarðveginn sjálfan en ekki yfir plönturnar, þannig að jarðvegur blotni en gætilega þannig að plönturnar skemmist ekki undan þunganum. Jarðvegur má gjarnan þorna áður en vökvað er aftur en alls ekki þannig að plönturnar líði skort og hengi haus.

Vermireitur þarf að standa þar sem hæfilegrar birtu gætir t.d. vestan megin við hús en ekki í hásuður. Þegar hitnar í veðri yfir hádaginn þarf að opna rifu á vermireitnum til að kæla blómin eins og kostur er. Hitastig má verða mjög lágt en aldrei má frysta í reitnum þar sem það gerir útaf við viðkvæm blómin. Æskilegt hitastig er 8-15°C og gott að hafa gróðurhúsahtamæli í reitnum, sem sýnir hæsta og lægsta hitastig, til að átta sig á sveiflum. Eftir því sem líður að sumri verður opnunin meiri og þegar næturfrostum linnir er óhætt að opna vermireitinn alveg.

Lokaaðgerðin í ræktun og aðlögun sumarblóma er útplöntun í beð en í nokkra daga eftir útplöntun eru þau viðkvæm fyrir kulda og vindum ásamt þurrki. Vegna kuldaáhrifa og trekks verða blöð plantnanna gjarnan blá eða fjólublá og líta þá illa út. Tveimur vikum fyrir áætlaðan útplöntunartíma í beð þarf því að gæta sérstaklega að áburðargjöfinni. Áburðurinn sem þá er notaður þarf að innihalda frekar hátt hlutfall af kalí en lágt hlutfall köfnunarefnis. Þetta herðir rötarkerfi og eflir þrótt plantnanna til að takast á við aðstæðurnar.

Beðin undirbúin

Jarðvinnsla er ekki ósvipuð því sem gerist þegar rækta á matjurtir. Skömmu áður en útplöntun á að hefjast er æskilegt að losa um jarðveginn og gera jarðvegsbætur þar sem sumarblóm þrífast best í lausum og loftrikum jarðvegi og eru mjög krefjandi á næringu. Það hefur ávallt reynst vel að byggja sumarblómabeð upp þannig að þau standi vel upp fyrir yfirborðið sem í kringum þau er og hallist helst örlítið ef hægt er. Varmi helst meiri í beðunum séu þau formuð þannig en það hentar sumarblómunum vel. Leggja má út nokkurra sentimetra lag af húsdýraáburði eða moltu yfir beðin áður en jarðvegstætt er. Síðan er gott að leggja 5-7 cm lag af moltu ofan á beðin að tætingu lokinni. Við útplöntun blandast molta við moldina.

Staðsetning sumarblóma og útplöntun

Þar sem sumarblóm þrífast best í sól og skjóli fyrir næðingi þarf að staðsetja beðin miðað við þær forsendur. Við aðrar aðstæður er nauðsynlegt að velja harðgerar tegundir í stað viðkvæmari. Einnig getur verið ráð að planta þeim þéttar en venjulega er gert því þannig fá þær skjól hver af annarri.

Útplöntun sumarblóma er ekki frábrugðin annarri útplöntun. Áður en hafist er handa þarf að vökva plönturnar vel og eins fyrirhugað beð, þannig að nægur raki sé fyrir hendi. Þannig ætti ekki að þurfa vökvun strax eftir útplöntun en þá eru plönturnar viðkvæmar og leggjast niður af vatninu. Hóla er gerð með plöntuskóflu í beðið, plantan tekin upp úr bakka eða potti og komið fyrir í holunni. Fylla á að og þrýsta vel að plöntunni þannig að hún sitji rétt. Moldin á að ná lítið eitt ofar á stöngulinn en hún gerði í ílátinu. Mikilvægt er að plönturnar komist fljótt í beðið og án þess að sól skíni á rætur.

Ef mynda á einhverskonar mynstur með blómunum er ekki úr vegi að nota snúru sem hjálparlínu eða fötu, ef mynda á hringform. Gott er að saga niður 7 cm spýtukubb til að mæla millibil plantna, en það er heppileg fjarlægð (frá stilk í stilk).

Niðurröðun í beð, ker eða potta

Smekkur hvers og eins ræður miklu um röðun sumarblóma út í beðin. Gæta þarf þess að blanda ekki alltof mörgum litum saman heldur reyna að velja fallega litatóna saman. Áður en fræ er valið eða plöntur keyptar er gott ráð að skoða myndir af þeim t.d. á vefnum og gera sér grein fyrir blómlit og hæð. Hæð plantna í beðum á að fara lækkanði eftir því sem utar dregur í beðunum. Með hæð plantna er átt við hæð sumarblómplantnanna sjálfra en ekki bara blómstilka, sem geta orðið all háir þótt plantan sé lágvaxin.

Langflestar tegundir henta í beð sem eru í skjóli og birtu. Færri tegundir henta undir annan gróður s.s. runna þar sem birta er af skornum skammti auk þess sem blómgun getur orðið rýr. Nokkrum tegundum hentar að slúta fram yfir brúnir veggja eða kerja og enn aðrar eru góðar hengiplöntur sem henta þess vegna mjög vel í ker eða hengipotta.

Hvenær er rétti tíminn til útplöntunar?

Venja hefur skapast að búið sé að planta blómunum út fyrir 17. júní en hefja má útplöntun frá 20. maí ef veður leyfir og hætta á næturfrosti er liðin hjá.

Umhirða á vaxtartíma

Ef jarðvegur er nokkuð laus við illgresi, beðin eru vel gerð og þétt plantað í þau ætti umhirðan ekki að vera mikil. Ekki er ráðlegt að klóra mikið í yfirborð beða nema þá í jaðrana. Betra er að reyta með höndunum allt sjáanlegt illgresi. Yfirslag úr fínum sandi t.d. pússningasandi hentar mjög vel í sumarblómabeð en með því er illgresi haldið í skefjum og mun minni sveiflur verða í hita- og rakastigi jarðvegsins. Jafna þarf yfirborðið vel og leggja sandinn út í 2-3 cm lagi. Í venjulegu árferði þarf að passa vel upp á vökvun og einnig er nauðsynlegt að vökva með áburðarblöndu nokkrum sinnum yfir sumarið t.d. með Maxicrop þangáburði eða öðrum áburði ætluðum sumarblómum. Ávallt gildir sú regla að vökva ekki yfir sumarblómin heldur þarf að beina vatninu í beðin með góðum dreifistút. Yfirvökvun getur skaðað blómin og þau verða illa útlítandi.

Vetrarskýling jarðvegs

Að hausti er ráðlegt að leggja yfir beðin síðustu slægjuna af grasblettinum í nokkuð þykku lagi t.d. 10-15 cm og einnig greinar ef einhverjar eru. Þannig má hindra að jarðvegsbygging fari úr skorðum og að næringarefni skolist í burtu.

Beð fyrir lauka og sumarblóm

Skemmtilegt getur verið að nýta beðin fyrir bæði lauka og sumarblóm en þá er undirbúningi aðeins öðruvísi farið. Beðin eru byggð upp að hausti án jarðvegstætingar. Laukum er stungið niður og gott er að setja pússningasand með hverjum lauk til að minnka raka sem liggur þétt að honum. Yfir laukana má síðan setja nokkurra cm lag af moltu til skýlingar. Hentugast er að nota snemmbómstrandir lauka sem eru afblómstraðir þegar kemur að sumarblómatímanum. Laukarnir eru þá teknir upp og geymdir til haustsins t.d. í kassa með sandi. Jarðvinnsla getur svo hafist eins og áður hefur verið lýst.

Algengar tegundir

Fjöldi hentugra tegunda sumarblóma er mikill og reynsla kominn á fjölmargar þeirra. Nýjar tegundir eru reyndar hérlandis á hverju ári og gaman að reyna fyrir sér með ræktun þeirra eða kaupa ræktaðar plöntur og sjá hvernig þær koma út. Garðplöntustöðvar og grasagarðar gefa út ítarlega lista yfir sumarblóm. Hér eru sett fram örlítið dæmi um tegundaval.

Tegundir í beð

Sem dæmi mætti ímynda sér lítið beð upp við húsvegg og velja eina til tvær tegundir úr upptalningunni hér að neðan til að planta í beðið.

- Ysta röð/raðir: Skrautnál, Bláhnoða, Silfurkambur, Hádegisblóm, Brúðarauga
- Miðju röð/raðir: Stjúpur, Snækragi, Flauelsblóm, Vinablóm, Fiðrildablóm
- Innsta röð/raðir: Sólboði, Járnjurt, Ljónsmunni, Þorskagin, Klæðisblóm

Tegundir í hengipotta eða ker

- Brúðarauga, Sumarljómi, Skjaldflétta

Klifurtegundir

- Ilmbaunir, Humall, Skjaldflétta

Tilraunategundir

Tegundir sem ræktaðar voru sem inniblóm eða í garðskálum en eru orðnar nothæfar við góðar aðstæður utandyra vegna hlýrra loftslags og betri afbrigða.

- Iðna Lísa, Pelargonía, Begonía, Skrautmaís

Laukar sem henta í samnýtt beð

- Krókusar, Vepjuliljur, Páskaliljur, Túlipanar